

Stjórnarfundur Leiknar

Dagsetning: 24. júní 2025. **Tími:** 12.00 – 13.00. **Staðsetning:** Iðan /TEAMS

Mætt: Guðrún Vala Elísdóttir, Þórunn Grétarsdóttir, Helen Gray.

Forföll: Kjartan Jónsson, Björn Garðarsson, Bergþóra Guðjónsdóttir, Oddbergur Eiríksson.

1. Verkaskipting stjórnar

Stjórn félagsins hefur skipt með sér verkum eftirfarandi:

- Formaður: Helen Gray, gjaldkeri: Guðrún Vala Elísdóttir, ritari: Þórunn Grétarsdóttir, meðstjórnendur: Björn Garðarsson og Bergþóra Guðjónsdóttir, varamenn: Oddbergur Eiríksson og Kjartan Jónsson, skoðunarmenn reikninga: Eyjólfur Sturlaugsson og Þór Pálsson

Vinnufundur haust 2025

- Ákveðið að halda lengri vinnufund í lok ágúst eða byrjun september til að setja upp dagskrá vetrarins.
- Helen sér um að senda könnun til stjórnar til að finna hentugan dagsetningu.

Heimasíðan – verkefni fært yfir á haustið

Verkefni tengd uppfærslu heimasíðunnar verða tekin fyrir í haust. Guðrún Vala ber ábyrgð á samskiptum við Aron:

- Hafist verður handa við að einfalda og bæta útlit síðunnar.
- Farið verður fram á að Aron útbúi leiðbeiningar um hvernig setja megji inn efni, t.d. fundargerðir, fréttir og tölvupóstsendingar.
- Mögulegt er að Aron mæti á vinnufundinn og kynni tillögur sínar.

Microsoft aðgangur fyrir Leikn

- Helen skoðar möguleikann á að kaupa Microsoft-aðgang fyrir Leikn til að nýta Forms, Teams og fleiri verkfæri sem virka ekki á núverandi aðgang.

EAEA – Stuðningur við Belgíu

- Beiðni barst frá EAEA um stuðning Leiknar við Belga vegna hækkunar fræðslugjalda á fullorðna. Samþykkt að skrifa undir. Helen sér um að rita undir fyrir hönd Leiknar.

6. Auglýsing á viðburði – Online Meet and Greet (EAEA)

- Viðburður á vegum EAEA verður auglýstur:
 - Á heimasíðu Leiknar, Facebook-síðu félagsins, með tölvupósti til félagsfólks
- Helen sér um þetta.

Fundur Nordic Baltic í Tallinn

- Guðrún Vala sótti fundinn sem fulltrúi Leiknar.
- Hún mun kynna ferðina á haustfundi þegar fleiri stjórnarmenn eru viðstaddir.

Manifesto – Þýðing

- Guðrún Vala og Helen hafa skilað styttri útgáfu af þýðingu Manifesto til EAEA.
- Þessi útgáfa hefur enn ekki verið sett inn á heimasíðu EAEA.
- Tillaga að setja á dagskrá að þýða nýjasta Manifesto-ið í heild fyrir félagið.